



Kópavogsbær

Þjónustukönnun frístunda 2024


Hekla Hannibalsdóttir

Þjónustukönnun 2024


- Tilgangur að fá fram skoðanir foreldra á gæðum frístundastarfs í Kópavogi með það að markmiði að bæta það sem betur má fara
- Send til foreldra allra barna í frístundum við grunnskóla Kópavogs í janúar 2024
- Fjöldi barna í frístund: 1261
- Fjöldi svara: 480 á íslensku 12 á ensku




Þátttaka eftir frístundum



Hversu mörg börn áttu í frístund?




Í hvaða bekk er barnið/börnin?



Outcome Surveys




Hversu marga daga í viku er barnið þitt í frístund?



Outcome Surveys



Finnst þér þú fá nægar upplýsingar frá frístund?



Outcome Surveys




Ef nei, hvað vantar?

- Skipulag og dagskrá á milli vikna.
- Upplýsa meira um það sem gert er á daginn í frístund.
- Bara framgang og stöðu barns. Hvernig tekið er á málum.
- Hvað er í matinn, hverjir starfa þar.
- Fæ allar nauðsynlegar upplýsingar en gaman að fá oftar myndir og upplýsingar um hvað þau eru að gera í vikunni. Er annars mjög ánægð með upplýsingaflæðið.
- Mun meiri upplýsingar, t.d. skýrari póstar varðandi aukadaga. Finnst lítil sem engin samskipti vera milli starfsfólks og foreldra.
- Ég veit lítið um starfið.
- Margt, hvað sé gert, hverjir sinna barninu og fleira.
- Fréttabréf um hvað sé gert, hvernig starfið er skipulagt. Stefnu frístundar og fleira. Einu bréfin sem koma eru manneklu póstar eða um barnalýðræði. Og svo myglu.
- Allt
- Fæ föstudagspóst um starfið en væri til í meiri upplýsingar um mitt barn – hvernig gengur t.d. Félagslega og svona.




Hversu aðgengilegir eru stjórnendur frístundar?




SVAR	FJÖLDI
▼ 0	3
▼ 1	4
▼ 2	7
▼ 3	8
▼ 4	9
▼ 5	18
▼ 6	23
▼ 7	49
▼ 8	106
▼ 9	72
▼ 10	189
SAMTALS	488

Hversu ánægt/óánægt ert þú sem foreldri með síðdegishressinguna?



SVAR	FJÖLDI
▼ 0	9
▼ 1	8
▼ 2	12
▼ 3	20
▼ 4	22
▼ 5	69
▼ 6	39
▼ 7	59
▼ 8	110
▼ 9	45
▼ 10	88
SAMTALS	481

Hversu ánægð/ur /óánægð/ur ertu með aðstöðuna í frístund?



SVAR	FJÖLDI
▼ 0	6
▼ 1	14
▼ 2	7
▼ 3	20
▼ 4	14
▼ 5	37
▼ 6	34
▼ 7	77
▼ 8	102
▼ 9	62
▼ 10	115
SAMTALS	488

Hvað má bæta í aðstöðu frístundar?

- Vantar starf sem hentar þeim þegar þau eldast
- Plássíð
- Fjölbreyttari verkefni – minnka skjátíma
- Fræðslu til starfsfólks um greiningar og hvernig vinna eigi með börn með greiningar. Bæta við stuðningsfulltrúum sem vinna með börnum með greiningar, hvíldaraðstöðu fyrir börnin sem þola minna áreiti.
- Húsnæðismál
- Þríf á fataklefa, fatnaður og skór út um allt þegar maður kemur að sækja og varla hægt að ganga inn.
- Frábært starf sem fer fram.
- Ekkert.
- Síðdegishressinguna
- Meiri kennsluáhersla.
- Ég heyri frá barninu að það vill gjarnan hafa möguleika á að forðast lætin, væri gott að hafa rými/aðstöðu þar sem er meira næði
- Þetta eru allt snillingar – allir svo glaðir og vilja allt fyrir mann gera.
- Hlýlegra umhverfi og fjölbreyttara hópastarf.
- Girðingu milli bílastæðis og útisvæða.
- Öryggi
- Meiri reglur og að hver starfsmaður er með ákveðinn fjölda barna og sér þá algjörlega um þau og eitthvað ákveðið um að vera, betri yfirsýn og sjá til þess að öll börn séu búin að borða.
- Það mætti skipta þeim meira upp svo það sé ekki svona mikið af börnum á sama stað á sama tíma með tilheyrandi óþægindum vegna láta.




Hversu ánægt eða óánægt telur þú barn þitt hafa verið í frístundinni í vetur?




SVAR	FJÖLDI
▼ 0	3
▼ 1	4
▼ 2	8
▼ 3	12
▼ 4	12
▼ 5	42
▼ 6	24
▼ 7	70
▼ 8	121
▼ 9	81
▼ 10	110
SAMTALS	487

Þarf barnið þitt á sérstakri þjónustu eða stuðningi að halda í frístund?



Finnst þér að frístund mæti þörfum barnsins varðandi sérstaka þjónustu?



Outcome Surveys



Hversu ánægt/óánægt eru þú sem foreldri/forráðamaður með frístundina þegar á heildina er litið?



SVAR	FJÖLDI
▼ 0	5
▼ 1	5
▼ 2	9
▼ 3	13
▼ 4	10
▼ 5	29
▼ 6	39
▼ 7	56
▼ 8	124
▼ 9	83
▼ 10	113
SAMTALS	486

[illegible]



16.1. Í frístund eru næg tækifæri til útiveru

SVAR	FJÖLDI
▼ Mjög ósammála	26
▼ Frekar ósammála	12
▼ Hvorki né	54
▼ Frekar sammála	205
▼ Mjög sammála	191
SAMTALS	488

16.2. Í frístund eru tækifæri til að vera í rólegheitum og næði

SVAR	FJÖLDI
▼ Mjög ósammála	48
▼ Frekar ósammála	91
▼ Hvorki né	104
▼ Frekar sammála	160
▼ Mjög sammála	81
SAMTALS	484

16.3. Starfsfólk frístundar tekur fagmannlega á málum sem koma upp

SVAR	FJÖLDI
▼ Mjög ósammála	27
▼ Frekar ósammála	33
▼ Hvorki né	133
▼ Frekar sammála	159
▼ Mjög sammála	125
SAMTALS	477

16.4. Starfsfólk frístundar leggur áherslu á samstarf við foreldra

SVAR	FJÖLDI
▼ Mjög ósammála	34
▼ Frekar ósammála	53
▼ Hvorki né	97
▼ Frekar sammála	163
▼ Mjög sammála	132
SAMTALS	479



16.5. Starfið í frístund býður upp á fjölbreytt viðfangsefni

SVAR	FJÖLDI
▼ Mjög ósammála	23
▼ Frekar ósammála	39
▼ Hvorki né	90
▼ Frekar sammála	200
▼ Mjög sammála	132
SAMTALS	484

16.6. Barnið/börnin geta leitað til starfsfólks ef eitthvað kemur upp á

SVAR	FJÖLDI
▼ Mjög ósammála	14
▼ Frekar ósammála	32
▼ Hvorki né	71
▼ Frekar sammála	213
▼ Mjög sammála	152
SAMTALS	482



Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi frístundina?

- 1 Vantar að mæta börnum eftir 1.bekk- þá vilja þau síður fara og kemur þá langt frístundargat þangað til þau eru komin í félagsmiðstöð
- 2 Barnið mitt virðist ánæggt í frístund og hefur ekki kvartað
- 3 Starfsfólk má vera faglegra í daglegum störfum, einfaldir hlutir eins og að bjóða góðan dag og kveðja í lok dags eru varla til staðar. Það þarf að passa það að börnin borði áður en þau koma yfir í [REDACTED] (sumir strákanna eru fullkappsamir að fara yfir og borða lítið eða ekkert), það þarf að passa upp á að börnin klæði sig eftir veðri þegar þau fara út, það þyrfti að standa starfsmaður í anddyri þegar þau fara á æfingar til að sjá til þess að þau séu með allt dótíð sitt og svo hef ég alltof oft komið þegar þau eru að horfa á skjá sem ég tel ekki vera í boði nema einstaka sinnum í spari. Starfið mætti því vera mun faglegra en það er í dag.
- 4 Barnið mitt hefur beðið um að fá að sleppa frístund. Það virðist eiga sér stað einhver stríðni þar milli barna sem starfsmenn taka ekki nógu vel á. Ég vill endilega fá að vita hvort ég eigi að senda nesti með barninu, en það fer á æfingu flesta daga vikunnar.
- 5 Halda fataklefa snyrtilegum og kveðja börnin þegar maður sækir og tala við foreldrana.
- 6 Meiri gæði í starfið og minni geymslu á börnunum - þetta er svo frábær aldur og það er feikinóg svæði úti til að vera með skipulagt starf, margt mjög jákvætt - eins og varminu mínu líður mjög vel og er treyst en það má gers betur varðandi tv tíma
- 7 Heilt yfir er ég ánægð með frístund, en finnst vanta upp á að börn með sérþarfir fái viðeigandi aðstoð og sérúrræði. Þetta hefur meira með mönnun að gera og fjármagn sveitarfélagsins
- 8 Það þarf meira fjármagn í fríðund og fleira fagfólk til þess að gera frístund eftirsóknarverða, einnig þarf að huga betur að húsnæði.
- 9 Mætti vera minna sjónvarp - meira hópastarf
- 10 Þínu erfitt að svara spurningunum t.d um síðdegishressinguna þar sem ég man ekki eftir að hafa vitað hvað er í boði
- 11 Þau standa sig Mjög og hugsa vel um barnið mitt ❤️
- 12 Starfsfólk mætti vera virkara, situr oft bara í sófunum og erfitt að ná tali af þeim þegar maður kemur að sækja
- 13 Mér finnst fagmennskan í [REDACTED] hafa hrakað mikið frá því ég var með eldra barnið mitt þar (2 ár síðan). Ég hef nokkrum sinnum komið að sækja barnið mitt og þá eru starfsmenn nær allir í símanum, líta ekki upp þegar foreldrar ganga inn, eru með orkudrykki sjáanlega fyrir framan börnin (collab) og krakkarnir að læsa sig inni á baði, sulla, fara með sand inn og enginn virðist skipta sér af þeim. Áður var þetta ekki svona og við vorum alltaf ánægð með drekaheima, því miður get ég ekki sagt það sama núna.
- 14 Mjög ánægð





62	Heilt yfir er starfsfólkið ábyggilega að gera sitt besta, en maður fær það óneitanlega á tilfinninguna að það sé enginn yfirmaður sem tekur ábyrgð. Ég veit t.d. ekki hvert ég get leitað með fyrirspurnir/vandamál/áþendingar og lítil sem engin samskipti eru við foreldra. [REDACTED] er frábær og er sá eini sem mér hefur fundist axla einhverja ábyrgð og eiga í samskiptum við varðandi barnið. Faglegt starf virðist afskaplega takmarkað og ég finn mjög mikinn mun frá því sem áður var þegar [REDACTED] voru yfir, mér finnst metnaðurinn hafa horfið og ég upplifi þetta þínulítið sem bara hávaðasama geymslu fyrir börnin. Barnið mitt talar líka um að vilja ekki fara í frístund og líða illa að vera þar. Ég vona innilega að þessi könnun muni hafa þau áhrif á að skólastjórnendur taki þennan mikilvæga hluta af skólanum til ítarlegrar endurskoðunar, öllum til bóta.
63	Hlusta betur þegar barnið er að leita til starfsfólks ef eittvað kemur upp á milli krökkum.
64	Finnst vanta faglegt starf, eða ef það er að fara fram þá veit ég a.m.k. ekki af því.
65	Þið eruð æðibitar.
66	Afskaplega leiðinlegt að sjá hvað frístundin hefur farið langt niður á við síðan nýtt starfsfólk og stjórnendur komu inn. Umgengnin í fataklefum er til skammar, engin virðist fylgjast með börnunum og eru þau oft úti án nokkurs starfsmanns, starfsmenn virðast ekkert spá að krakkarnir klæði sig eftir veðri. Starfsmenn heilsa mér ekki þegar ég kem og sæki börnin mín virða mig varla viðlíts, vita varla hvaða börn ég á og kveðja ekki börnin, veit ekki einu sinni hvort þau vita hvort þau sé farin. Mér finnst þetta afskaplega sorglegt að horfa uppá þetta þar sem að frístundin var frábær og til fyrirmyndar þegar að hún [REDACTED] var við stjórnvöllinn. Ég er alvarlega að ihuga það að segja upp frístundinni eins og staðan er í dag.
67	Starfsfólkið veit ekki hvað sum börnin heita og er oft bara að hanga í símanum. Það virðist áhugalaust um starfið. Stjórnandinn er almennileg en hún virkar órugg og virðist engan veginn hafa sömu tök og yfirsýn á starfinu og sú sem var á undan. Ég sé mikinn mun á gæðum starfsins og þykir það mjög miður.
68	Mér finnst spurningarnar krefjandi þar sem það er ýmislegt sem ég ekki veit. Barnið mitt segir mér ekki mikið eða segist ekki muna, þrátt fyrir þrálátar spurningar móður.
69	Dóttir mín fór heim úr frístund um daginn þrátt fyrir að ég hafði sagt skýrt við starfsmann að hún ætti ekki að fara heim. Í þessu tilfelli kom ekkert uppá, en það er mikilvægt að foreldri geti treyst því að börnin geti ekki bara farið úr frístundinni án leyfis.
70	Ég myndi sem sagt gjarnan vilja fá meiri upplýsingar um hvað þið gerið, þess vegna merki ég við "hvorki né" í flestum fullyrðingunum hér að ofan. Ég veit ekki hvort það séu næg tækifæri til útiveru eða til að vera í rólegheitum og næði t.d.
71	Gerð ykkar besta :)
72	Starfsfólk Hörðuheima og stjórnandinn eru fagfólk sem leggur hug og hjarta í starfið. Við foreldrar finnum það og við skorum á Kópavogsbæ að nýta það til að próa og bæta frístund í öðrum hverfum Kóp því frístund er misjöfn milli hverfa.
73	Mætti vera meira upplýsingaflæði til foreldra
74	Standa sig mjög vel. Mætti huga betur að síðdegishressingu fyrir þau börn sem fara beint í fyrri rútu í tómstundir.
75	Það gæti verið mikið meira af klúbbastarfi fyrir 3-4 bekk, dóttir mín fæst varla til að mæta því henni finnst svo leiðinlegt í frístund.
76	Frábært fólk sem vinnur þarna 😊
77	Takk fyrir okkurl

Samantekt

- Það er margt gott í starfi frístunda í Kópavogi en það eru jafnframt alltaf tækifæri til úrbóta í starfinu.
- Það sem má bæta með mjög auðveldum hætti er t.d.
 - Upplýsingagjöf til foreldra
 - Skipulag hópastarfs og nýting rýmis
 - Umgengni
 - Viðmót við foreldra



Framhaldið

- Forstöðumönnum frístunda voru sendar niðurstöður sinnar frístundar með opnum svörum foreldra ásamt heildaniðurstöður allra frístunda en án opinna svara.
- Forstöðumenn þurfa að vinna tímasetta umbótaáætlun um hvernig þeir hyggist bæta starfið.



